FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
17. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 20. JANÚAR 2017

# Grunaðir um manndráp

**Tveir skipverjar á Polar Nanoq voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli 211. gr almennra hegningarlaga sem fjallar um manndráp. Björgunarsveitir halda áfram leit í dag. Ekkert hefur spurst til Birnu Brjánsdóttur í sex daga.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir tveir sem úrskurðaðir voru í gæsluvarðhald í gær, grunaðir um aðild að hvarfi Birnu Brjánsdóttur, voru úrskurðaðir á grundvelli 211. gr almennra hegningarlaga sem fjallar um manndráp.

Mennirnir voru úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjaness en ákæruvaldið hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar og fer fram á gæsluvarðhald í fjórar vikur.

Ekki er venjan að Hæstiréttur taki sér langan tíma til að dæma þegar gæsluvarðhaldsúrskurðum er áfrýjað, jafnan tvo til þrjá daga.

Mennirnir voru handteknir um hádegisbil á miðvikudag af íslenskum sérsveitarmönnum um borð í grænlenska togaranum Polar Nanoq. Þriðja manninum, sem handtekinn var um borð síðar sama dag, var sleppt að loknum yfirheyrslum í gær en lögregla telur sig hafa útilokað aðild hans að hvarfi Birnu. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að eftirlitsmyndavélum í Hafnarfjarðarhöfn, hafi tveir menn sést koma að togaranum á rauðri Kia Rio bifreið, á milli klukkan sex og hálf sjö að morgni laugardags.

Skömmu síðar hafi bíllinn farið á ný af hafnarsvæðinu í um klukkustund. Nokkuð ráp var á bílnum fram eftir degi en honum var skilað síðla dags, skömmu áður en togarinn leysti landfestar og hélt út á miðin. Lögregla leggur mikla áherslu á að kortleggja ferðir bílsins um höfuðborgarsvæðið.

> **Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.**
>
> 211. grein almennra hegningarlaga

Vísir greindi frá því í gær að rannsóknargögn sem fundist hefðu í bílnum bentu til þess að misindisverk hefði farið þar fram.

Rannsókn tæknideildar lögreglunnar í Polar Nanoq hefur jafnframt leitt í ljós nokkuð af gögnum sem lögregla telur að geti komið að gagni við að upplýsa málið.

Í tvo daga hafa björgunarsveitir leitað á Strandarheiði, á vegarkaflanum sem liggur upp að Keili, með leitarhunda og nokkurn mannskap. Leit verður haldið áfram á því svæði í dag. **- snæ**

## Donald Trump verður forseti Bandaríkjanna

**BANDARÍKIN** Donald Trump mun sverja embættiseið í dag og taka við embætti sem 45. forseti Bandaríkjanna. Búist er við að nokkur hundruð þúsund manns komi saman við þinghúsið í Washington-borg þar sem athöfnin fer fram. Líkur eru taldar á einhverjum mótmælum. Að athöfn lokinni munu rúmlega átta þúsund manns marsera í skrúðgöngu um götur Washington. **-þh**



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um ferðamál. **12**

**SPORT** Íslenska landsliðið í handbolta er komið í sextán liða úrslit á heimsmeistaramótinu í handbolta.



**TÍMAMÓT** Gamanþátturinn Steypustöðin hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld.

**LÍFIÐ** Stjörnum prýdd vígsluathöfn Donalds Trump.

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ●

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Suðaustan 8-15 m/s. Þurrt norðaustanlands, annars súld eða rigning. Hiti yfirleitt 3 til 8 stig, en svalara í fyrstu norðaustan til á landinu. SJÁ SÍÐU 22

# Polar Nanoq enn kyrrsett í Hafnarfjarðarhöfn



Töluvert magn af hassi fannst í grænlenska togaranum Polar Nanoq í fyrrinótt. Fíkniefnin fundust við leit í skipinu. Samkvæmt heimildum Fréttastofu 365 er magn fíkniefnanna í kílóum talið. Lögreglan telur að fíkniefnafundurinn tengist ekki hvarfi Birnu Brjánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN

## Línulegt áhorf stendur í stað

**FJARSKIPTI** Hlutfall línulegs áhorfs á íslenskar sjónvarpsstöðvar stendur í stað á milli áranna 2015 og 2016 og mælist 86,7 prósent alls áhorfs á dagskrá íslenskra sjónvarpsstöðva.

Hliðrað áhorf, sem fram fer innan sólarhrings frá útsendingu, eykst úr 8,7 prósentum í 9,3 prósent og hliðrað áhorf, sem fer fram eftir sýningardag, mælist fjögur prósent.

Línulegt áhorf mældist 95,6 prósent alls áhorfs árið 2012. Mest mælist línulegt áhorf á Sjónvarp Símans, 88,3 prósent. Línulegt áhorf á RÚV og Stöð 2 mælist 81,2 prósent.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Gallup gerði fyrir Póst- og fjarskiptastofnun og birt var í vikunni.

Heildaráhorf á íslenskar sjónvarpsstöðvar minnkaði úr 120 mínútum á dag að meðaltali og í 110 mínútur sé miðað við desembermánuði 2015 og 2016. Árið 2012 var meðaláhorf 140 mínútur á dag. **– þea**



Donald Trump sver embættiseið í dag í Washington. NORDICPHOTOS/GETTY

## Geir H. Haarde verður viðstaddur

**STJÓRNMÁL** „Geir H. Haarde, sendiherra okkar í Washington, verður viðstaddur embættistöku Donalds Trump,“ segir Andri Lúthersson, deildarstjóri upplýsingamála hjá utanríkisráðuneytinu. Í dag mun Donald Trump sverja embættiseið og taka við völdum sem 45. forseti Bandaríkjanna.

Öllum sendiherrum erlendra ríkja í Washington-borg er boðið til embættistökunnar og er það bandaríska utanríkisráðuneytið sem heldur utan um skipulag þess. Geir H. Haarde mun sitja á sérsvæði, ásamt erindrekum erlendra ríkja, fyrir framan þinghúsið á Capitolhæð þar sem embættistakan fer fram.

Búist er við að nokkur hundruð þúsund manns muni koma saman fyrir framan þinghúsið í dag til þess að fylgjast með embættistökunni. **– þh**




# Íslendingar borða mest af sætindum

**Hlutfall Íslendinga sem borða óhollan mat hefur aukist samkvæmt könnun landlæknis. Fleiri of feitir hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Félagslegur ójöfnuður í mataræði hefur aukist. Lægst tíðni áfengisneyslu á Íslandi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Meira er neytt af sælgæti, kökum og gosdrykkjum á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Neyslan hefur ekki minnkað frá árinu 2011 eins og gerst hefur hjá öðrum Norðurlandaþjóðum að Svíþjóð undanskilinni þar sem neyslan hefur staðið í stað. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um heilsuhegðun Norðurlandabúa sem greint er frá á vef landlæknis.

Embættið stóð fyrir könnun á mataræði, hreyfingu og holdafari hér á landi og var könnunin í samstarfi við rannsakendur frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Önnur umferð fór fram haustið 2014 en fyrri umferð haustið 2011.

Íslendingar borða minnst af grænmeti og ávöxtum miðað við önnur norræn ríki og hefur neyslan ekkert breyst á tímabilinu. Sömuleiðis borða Íslendingar minnst af heilkornabrauði og hefur neyslan minnkað milli ára. Fiskneysla er aftur á móti mest á Íslandi og er óbreytt milli kannana. Hlutfall Íslendinga sem borða óhollan mat hefur hækkað úr 19 prósentum í 25 prósent en meðal Norðurlandabúa í heild hefur hlutfallið hækkað úr 18 prósentum í 22.

Þrátt fyrir jákvæða þróun í mataræði barna hefur félagslegur ójöfnuður í mataræði aukist, að því er segir í frétt á vef landlæknis. Þar kemur fram að niðurstöður varðandi mataræði barna á Norðurlöndum séu jákvæðari en hjá fullorðnum. Tæplega 15 prósent norrænna barna neyta mataræðis sem telst óhollt og hefur það ekki breyst frá 2011. Hlutfallið á Íslandi er sambærilegt við önnur norræn ríki.

Tvöfalt fleiri börn foreldra með minnstu menntun teljast hins vegar borða óhollt 2014 heldur en 2011, það er 25 prósent miðað við 12 prósent 2011. Færri börn foreldra með mestu menntun teljast borða óhollt 2014 en 2011.



Íslensk og finnsk börn borða mest af sykri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**17%** Íslendinga hreyfa sig ekkert sem er aukning um þrjú prósent frá árinu 2012

**25%** barna sem eiga lítið menntaða foreldra borða óhollt

Hlutfall þeirra sem hreyfa sig ekkert er hæst á Íslandi og í Noregi árið 2014. Hefur það hækkað hér á landi úr 14 prósentum í 17 prósent á tímabilinu. Hlutfall 18 til 24 ára Norðurlandabúa sem hreyfa sig ekkert hefur nær tvöfaldast og er nú sambærilegt við eldri aldurshópa eða um 12 prósent 2014.

Á Íslandi er hærra hlutfall fullorðinna sem teljast of feitir en annars staðar á Norðurlöndunum en í heildina flokkast fleiri fullorðnir of feitir á Norðurlöndunum 2014 heldur en 2011. Lægst tíðni áfengisneyslu og ölvunardrykkju er á Íslandi. Danir drekka oftast en Norðmenn drekka sig oftast ölvaða.

Í könnununum var safnað gögnum um samtals 4.949 börn á aldrinum 7-12 ára og 17.775 fullorðna á aldrinum 18-65 ára á Norðurlöndunum. **ibs@frettabladid.is**



# Um 150 manns vinna að stækkun Búrfellsvirkjunar

**ORKUMÁL** Stækkun Búrfellsvirkjunar gengur ágætlega. Byggingaframkvæmdir hafa undanfarið einkum verið neðanjarðar en neðanjarðargreftri er að mestu lokið.

Í frétt Landsvirkjunar segir að á síðasta ári fór fjöldi starfsmanna á verkstað upp í um 150 og voru þeir langflestir á vegum byggingaverktakans ÍAV Marti. Þar af var um helmingur erlendir starfsmenn og voru Slóvakar þar fjölmennastir en þeir störfuðu einkum við jarðgangavinnuna. Á næstu vikum bætast við starfsmenn á vegum framleiðanda vél- og rafbúnaðar, og er gert ráð fyrir að heildarfjöldi á verkstað fari upp í tæplega 200 manns með haustinu. Eftir það fer starfsmönnum fækkandi á ný.



Haldin var hátíðleg athöfn í aðkomugöngum þar sem líkneski heilagrar Barböru var komið fyrir til verndar starfsmönnum. MYND/LANDSVIRKJUN

Framkvæmdir við aðrennslisskurð eru komnar í vetrarstopp, en þar er búið að moka út um 70% af áætluðu magni. Undirverktaki ÍAV Marti, Ístak, hefur séð um þennan verkþátt og mun hann aftur hefja þar störf í vor. Búið er að bora bæði kapal- og fallgöng en þau eru hvor um sig rúmlega 100 metrar á lengd. Aðkomu- og frárennslisgöng eru nú komin í fulla lengd en það eru samtals um 650 metrar.

Í byrjun desember hélt ÍAV Marti upp á hátíð heilagrar Barböru en hún er verndari þeirra sem vinna við jarðvinnu ýmiss konar, svo sem jarðgangagerð, malargerð, vegagerð og jarðyrkju. Haldin var hátíðleg athöfn í aðkomugöngum þar sem lofgjörð var flutt og líkneski heilagrar Barböru komið þar fyrir til verndar starfsmönnum við framkvæmd.

Verkið er nokkurn veginn á áætlun en áætlað er að gangsetja virkjunina í lok maí 2018 en þá mun taka við frágangsvinna og landmótun á svæðinu. **– shá**

## Íslendingar lita leik með Liverpool

**SAMFÉLAG** „Við erum að fara með 189 manns beint til Liverpool á meðan hin félögin fara til í Manchester, Birmingham og London,“ segir Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, en á þriðjudag var sagt frá því að mörg hundruð Íslendingar væru að fara á leik Liverpool og Swansea. Inn í þá tölu vantaði ferð Heimsferða og bætast því um 200 manns við.

Úrval Útsýn, Vita ferðir, Gaman ferðir og TransAtlantic buðu upp á ferðir á þennan leik og seldust öll sæti upp.



**Tómas J. Gestsson** framkvæmdastjóri Heimsferða

„Langstærstur hluti Íslendinganna sem verða á Anfield um helgina er á okkar vegum. Við förum með heila vél á þennan leik sem er mjög sjaldgæft, því þetta er einn leikur. Ferðin var auglýst í september og var nánast uppselt á stuttum tíma. Síðustu sætin seldust í byrjun árs,“ segir Tómas, en áhuginn á enska boltanum hefur sjaldan verið meiri.

Þetta er önnur ferð Heimsferða beint til Liverpool og hefur selst upp í bæði skiptin. „Ég efast ekki um að það verði stórkostleg stemning þarna.“ **– bb**

### LEIÐRÉTTING

*Í blaði gærdagsins kom fram að tónleikarnir Laddi 70 ára, færu fram í Eldborgarsal Hörpu 20. janúar. Rétt er hins vegar að tónleikarnir fara fram á morgun, laugardaginn 21. janúar.*

# Telur að Garðabær hafi gefið lóðir fyrir hundruð milljóna

**Bæjarfulltrúi í Garðabæ, telur bæinn hafa gefið lóðir fyrir hundruð milljóna króna til fyrirtækisins Klasa ehf. „Dæmalaus málflutningur sem margoft hefur verið hrakinn,“ segir bæjarstjórinn. Kvörtun send til umboðsmanns Alþingis vegna málsins sem á sér langa sögu en skrifað var undir samningana árið 2006.**

**GARÐABÆR** María Grétarsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, hefur sent inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna samninga Garðabæjar við Klasa ehf. um uppbyggingu miðbæjar Garðabæjar.

Óskar María eftir því að samningar bæjarins við Klasa verði teknir til athugunar af umboðsmanni. Telur hún að bærinn hafi gefið Klasa lóðir án endurgjalds sem síðan hafi selt þær þriðja aðila og hagnast gríðarlega. Þetta sé að hennar mati slæm ráðstöfun á eigum Garðbæinga.

„Ég er kosin til sveitarstjórnar til að gæta hagsmuna Garðbæinga og það er skylda mín að láta kanna þetta mál ofan í kjölinn,“ segir María. „Hér er um gríðarlega háar fjárhæðir að ræða. Málið á sér langa sögu en nú sé ég mig knúna til að fara með málið til umboðsmanns Alþingis.“

Samningar Klasa við Garðabæ um uppbyggingu miðbæjarins voru undirritaðir fyrst árið 2006. Í efnahagshruninu árið 2008 er ákveðið að fresta framkvæmdum, breyta deiliskipulagi og minnka byggingarmagn á Garðatorgi. Klasi hafi þar með lóðakaupum greitt fyrir 25 þúsund fermetra byggingarrétt.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segist fagna því ef umboðsmaður ætli að skoða þetta mál. Ekkert í samningagerð Garðabæjar eigi hins vegar að gefa tilefni til þess. „Þetta er dæmalaus málflutningur og hefur margoft verið hrakinn,“ segir Gunnar. „Samningarnir eru allir opinberir og því er þetta hið besta mál.“



Fara átti í miklar endurbætur á miðbæ Garðabæjar árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

> **Samningarnir eru allir opinberir og því er þetta hið besta mál**
>
> Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar



> **Ég er kosin til sveitarstjórnar til að gæta hagsmuna Garðbæinga og það er skylda mín að láta kanna þetta mál ofan í kjölinn**
>
> María Grétarsdóttir bæjarfulltrúi



„Hið rétta er að Klasi keypti árið 2006 tvær lóðir á Garðatorgi og uppkaupsverðið var 1,2 milljarðar króna. Með því greiddi Klasi fyrir byggingarrétt á öðrum lóðum. Við hrunið og frestun framkvæmda hafi byggingarmagnið verið minnkað og því hafi Klasi átt inni byggingarrétt. Garðabær ráðstafaði þá byggingarrétti upp á þann mismun með úthlutun á fimm einbýlishúsalóðum sem var afar hagstæð ráðstöfun fyrir bæinn,“ bætir Gunnar við.

**sveinn@frettabladid.is**



ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS




**Heimilið**
**Líf og heilsa**
**Bíllinn**
**Reksturinn**

Það er sárt að sjá á bak verðmætum þegar eigur þínar falla í rangar hendur. Þá er dýrmætt að það sé tryggt að þú fáir tjónið bætt. Hafðu samband og saman finnum við út hvað þú átt – að tryggja.

**VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?**

vörður



Flugfreyjur hjá Flugfélagi Íslands hafa boðað til verkfallsaðgerða sem hefjast þann 27. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verkfall í háloftunum

**KJARAMÁL** „Við erum ekkert sérlega bjartsýn á að það takist að semja áður en það kemur til verkfallsaðgerða,“ segir Sturla Óskar Bragason, varaformaður Flugfreyjufélags Íslands. Félagar í Flugfreyjufélagi Íslands samþykktu á miðvikudag að boða til verkfallsaðgerða ef ekki takist að semja á næstum dögum í kjaradeilu flugfreyja við Flugfélag Íslands. Um 70 prósent greiddu atkvæði með aðgerðinni en rúm 25 prósent gegn henni.

Flugfreyjur hjá Flugfélagi Íslands hafa staðið í kjaradeilu síðan á gamlársdag 2015. Í tvígang hafa samningar náðst en báðir voru felldir í atkvæðagreiðslu. Flugfreyjur hafa því verið samningslausar í rúmt ár.

Náist ekki að semja á næstu dögum mun þriggja daga verkfall hefjast að morgni laugardagsins 27. janúar. Þá er gert ráð fyrir ótímabundnu verkfalli frá morgni sjötta febrúar. Verkfallið hefur í för með sér að allt innanlandsflug Flugfélags Íslands fellur niður ásamt flugi félagsins til Skotlands og Grænlands.

Samninganefndir Flugfreyjufélagsins og Flugfélags Íslands munu funda í dag hjá ríkissáttasemjara. – þh

# Minnast skírnar Krists með ísbaði



Ungur rússneskur drengur baðaði sig í ísköldu vatni í gær í Kholmy-þorpi í Rússlandi. Meðlimir rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar baða sig með þessum hætti til þess að minnast skírnar Jesú Krists og á athöfnin að líkja eftir því þegar Jesús var skírður í ánni Jórdan. NORDICPHOTOS/GETTY


GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

## INNKÖLLUN HLUTABRÉFA

Stjórn Gámaþjónustunnar hf., kt. 410283-0349, hefur ákveðið að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Rafræn skráning tekur gildi 30. apríl 2017, kl. 9:00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Öll hlutabréf í félaginu verða tekin til rafrænnar skráningar. Hlutabréfin eru öll í einum flokki, gefin út á nafn og kennitölu hluthafa.

Við rafræna útgáfu hlutabréfanna er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af. Greiði Gámaþjónustan hf. arð á komandi árum verður það gert í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.

Hér með er skorað á alla eigendur framangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á að eignahald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Gámaþjónustunnar hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til Bernharðs Hreinssonar, skrifstofustjóra félagsins á skrifstofu félagsins að Berghellu 1, Hafnarfirði eða með tölvupósti á netfangið bernhard@gamar.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til framangreindra hlutabréfa, svo sem veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sem gert hefur aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína, svo sem vegna sölu eða skipta. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Hluthöfum félagsins verður send skrifleg tilkynning þar sem framangreint er kynnt.

Stjórn Gámaþjónustunnar hf.


# Gjörbreytt viðhorf til eftirlitsmyndavéla

Sex myndavélar bíða þess að verða settar upp í miðborg Reykjavíkur. Tortryggni sem hefur ríkt í samfélaginu gagnvart myndavélum er á undanhaldi. Nítján myndavélar eru núna í miðbænum. Neyðarlínan segir þær elstu vera frá 2012.

**ÖRYGGISMÁL** Neyðarlínan er með sex eftirlitsmyndavélar í geymslu sem beðið er eftir að verði settar upp miðsvæðis í Reykjavík. Þetta segir Þórhallur Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar, í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að vélarnar verði settar upp á næstu mánuðum og nú liggi fyrir tillögur um átta nýja staði.

Samkvæmt samkomulagi um rekstur og viðhald eftirlitsmyndavéla milli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Neyðarlínunnar og Reykjavíkurborgar tekur Reykjavíkurborg að sér að kaupa eftirlitsmyndavélar, Neyðarlína sér um uppsetningu, viðhald þeirra og flutning merkis og lögreglan sér um endabúnað vegna viðtöku merkis, vöktun og viðbragð.

Þórhallur segir að það sé lögreglunnar að ákveða hvar vélarnar átta verða settar upp og Neyðarlínan bregðist við því. „Það er verið að fara yfir stöðuna, hvar fæst leyfi til að setja upp,“ segir Þórhallur.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að eftirlitsmyndavélar hafi verið settar upp árið 1997. Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, sagði að fjárhagsstaða lögreglunnar væri slík að hann teldi útilokað að vélum hefði verið bætt við frá þeim tíma eða þær endurnýjaðar.

Þetta kemur ekki heim og saman við fréttaflutning frá árinu 2012 af kaupum á nýjum myndavélum á þeim tíma. Þórhallur segir að í miðbænum séu núna nítján myndavélar. Tíu frá árinu 2012 og níu vélar sem eru tveggja ára gamlar eða yngri. „Og nú eru uppi hugmyndir um að fjölga þessu verulega og breyta um aðferðafræði. Myndavélar af fullkomnustu gerð kosta ekki mikið. Þessi myndavélavæðing í símum hefur alveg gjörbreytt þessu landslagi, þróunin hefur verið mjög hröð,“ segir hann.

Þórhallur segir aftur á móti að viðhorf fólks hafi löngum verið neikvætt gagnvart eftirlitsmyndavélum og það hafi gert það erfiðara að koma myndavélunum fyrir. Viðhorfið sé hins vegar að breytast. „Það er himinn og haf á milli þess sem var fyrir fimm árum og núna,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is





Ein af nítján öryggismyndavélum í bænum er framan á Center Hotels. Beðið er eftir því að hægt sé að setja fleiri myndavélar upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þessi myndavélavæðing í símum hefur alveg gjörbreytt þessu landslagi, þróunin hefur verið mjög hröð.
>
> Þórhallur Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar



# Gleðjum bóndann

## ÚRVAL SKEMMTILEGRA GJAFAHUGMYNDA




sushi social

**2 FYRIR 1**
AF NAUT- OG SUSHISEÐLI
HJÁ SUSHI SOCIAL

ÍSLENSKI BARINN – THE ICELANDIC BAR · REYKJAVÍK

**2 FYRIR 1**
AF SÉRRÉTTAMATSEÐLI
Á ÍSLENSKA BARNUM

## Vordagskrá 2017

### JANÚAR

| | |
|---|---|
| 20. JAN | BÓNDADAGUR |
| 28. JAN | ROYAL CANIN DAGUR |

### FEBRÚAR

| | |
|---|---|
| 4.- 5. FEB | FERMINGARSÝNING |
| 11.- 12. FEB | SÁNINGARHELGI |
| 11. FEB | SÁNINGARFYRIRLESTUR* |
| 11.-12. FEB | STÓRHUNDAKYNNING |
| 14. FEB | VALENTÍNUSARDAGUR |
| 19. FEB | KONUDAGURINN |

### MARS

| | |
|---|---|
| 8. MAR | ALÞJL. KVENNADAGURINN |
| 18.-19. MAR | SMÁHUNDAKYNNING |
| 24.-25. MAR | KRYDDJURTAHELGI |
| 24. MAR | KRYDDJURTAFYRIRLESTUR* |

### APRÍL

| | |
|---|---|
| 1.-2. APR | RÓSASÝNING |
| 1. APR | RÓSAFYRIRLESTUR* |
| 9. APR | PÁLMASUNNUDAGUR |
| 13.-17. APR | PÁSKAR |
| 22.-23. APR | VORGLEÐI |
| 22. APR | GRÆNMETISFYRIRLESTUR* |

### MAÍ

| | |
|---|---|
| 6-7 MAÍ | BERJARÆKTUNARHELGI |
| 6. MAÍ | BERJARÆKTUNARFYRIRLESTUR* |
| 13.-14. MAÍ | GRILLDAGAR |
| 13. MAÍ | KOLAGRILLSFYRIRLESTUR* |
| 14. MAÍ | MÆÐRADAGURINN |
| 25. MAÍ | UPPSTIGNINGARDAGUR |

*= FYRIRLESTRARNIR FARA FRAM Á SPÍRUNNI Í GARÐHEIMUM KL 12:00 Á LAUGARDÖGUM OG STANDA Í UM 1 KLUKKUSTUND.
AÐGANGUR ÓKEYPIS. - ALLIR VELKOMNIR Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR.

## FERSK POTTAPLÖNTUSENDING!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PLÖNTUM OG POTTUM



OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Verðmæti úr 4.000 tonnum af roði unnin með grænni orku

**Fjórar af stærstu útgerðum landsins koma að verksmiðju sem nýtir aukaafurðir frá fiskvinnslu. Kollagen úr fiskroði verður fyrsta afurðin. Efnið nýtist í heilsufæði, fæðubótarefni, snyrtivörur og lyf. Milljarður fer í uppbyggingu. Heilsuvöruhús, eins og það er kallað, útheimtir ekki fjölda starfsmanna en hátæknistörf skapast.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Frumkvöðlafyrirtækið Codland ehf. og fjögur af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins munu byggja og reka verksmiðju á Reykjanesi sem nýtir hráefni frá sjávarútvegi sem annars nýtist illa eða ekki hérlendis. Viljayfirlýsing liggur fyrir um svokallað Heilsuvöruhús á Reykjanesi þar sem þróun og framleiðsla fer fram. Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður um einn milljarður íslenskra króna.

Í fyrstu er reiknað með að aðalframleiðsluvara Heilsuvöruhúss verði kollagen-prótein unnið úr fiskroði. Afurðin verður meðal annars notuð í heilsufæði, fæðubótarefni, snyrtivörur og lyf. Nýtt verður orka frá Reykjanesvirkjun enda verður verksmiðjan sett upp í næsta nágrenni við virkjunina, ef áætlanir ganga eftir.

Heilsuvöruhús er í eigu HB Granda, Samherja og fyrirtækjanna Vísis og Þorbjarnar í Grindavík sem eiga Codland. Áætlað er að Heilsuvöruhúsið taki til starfa í byrjun árs 2018, en fyrsta skóflustungan verði tekin á vormánuðum.

Með þátttöku fjögurra öflugra sjávarútvegsfyrirtækja er hráefnisöflun Heilsuvöruhússins tryggð, segir Tómas Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Codlands. „Við munum vinna úr fjögur þúsund tonnum af fiskroði á ári sem gefur okkur 400 tonn af kollageni. Slíkt magn nýtist ekki innanlands og mikið er því ætlað til útflutnings, en möguleikar til nýtingar hér innanlands eru fjölþættir í framtíðinni.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá á sínum tíma voru fyrstu skref þessa verkefnis tekin árið 2012 í samstarfi Íslenska sjávarklasans og Collagen ehf., sem hóf þá samstarf við fyrirtæki á Spáni við að vinna kollagen úr fiskroði. Þá strax var stefnt á að reisa verksmiðju á Reykjanesi á vegum Codlands, svo Heilsuvöruhús er í raun lyktir þess samstarfsverkefnis Sjávarklasans og Collagen.

Heilsuvöruhús krefst ekki margra starfsmanna, heldur skapast hátæknistörf og þróun fullvinnslu í sjávarútvegi á Íslandi tekur stórt skref um leið. Hröð þróun hefur orðið í framleiðsluaðferðum kollagens á síðustu árum og eftirspurn eftir vistvænum afurðum á þessu sviði hefur aukist jafnt og þétt um allan heim.

„Þau fyrirtæki sem sameinast um þetta telja að hægt sé að samnýta þá sérþekkingu sem þarna er til staðar og skapa verðmæti sem skila aðgangi að nýjum mörkuðum,“ segir Tómas Þór. „Við erum mjög spennt fyrir að þróa okkar eigin vörur, eins og drykkinn okkar Alda Iceland. Við gerðum auk þess samstarfssamning við Mjólkursamsöluna um að kanna hvernig kollagen blandast við mysupróteinið þeirra.

**svavar@frettabladid.is**



**Áferð kollagenduftsins verðmæta má líkja við sykur, en það gefur mikla möguleika til framleiðslu, ekki síst í heilsuiðnaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Framleiðsla innanlands skapar tækifæri

- Með kollagenframleiðslu innanlands skapast fjölmörg tækifæri til frekari atvinnuþróunar sem byggist á efninu.
- Í þessu samhengi má nefna að vörur íslenska fyrirtækisins Kerecis, sem hefur höfuðstöðvar sínar á Ísafirði, innihalda kollagen og Omega3-olíur úr fiskroði. Þær nýtast í sárameðferð meðal annars.
- Fyrirtækið Ankra, sem er með aðsetur í húsi Sjávarklasans, hyggst markaðssetja snyrtivörur og fæðubótarefni úr kollageni.
- Sjávarleður á Sauðárkróki framleiðir tískuvörur úr roði – auk hugmynda um fóðurframleiðslu úr fiskroði.

> Við erum mjög spennt fyrir að þróa okkar eigin vörur, eins og drykkinn okkar Alda Iceland.



Tómas Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Codlands

# Þrisvar sinnum fleiri umsóknir

**SAMFÉLAG** Útlendingastofnun bárust 1.132 hælisumsóknir í fyrra. Það eru rúmlega þrisvar sinnum fleiri umsóknir en árið 2015 þegar umsóknir voru 354.

Langfjölmennastir meðal umsækjenda um vernd voru Makedóníumenn, eða 468 talsins, og Albanar, sem voru 231. Samtals voru Makedóníumenn og Albanar um 60% allra umsækjenda. Næstir þar á eftir voru Írakar (73), Georgíumenn (42) og Sýrlendingar (37). 73 prósent umsækjenda voru karlkyns og 27 prósent konur.

Þá voru 76 prósent umsækjenda fullorðnir og 24 prósent börn. Umsóknir frá fylgdarlausum ungmennum voru átján. **– jhh**



**Vaðlaheiðargöng verða tilbúin innan árs.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Stefnt á að slá í gegn í febrúar

**SAMGÖNGUMÁL** Lokið verður við að grafa Vaðlaheiðargöng í lok febrúar þegar gert er ráð fyrir að borgengi Ósafls slái í gegn. Er þá líklegt að hægt verði að opna göngin fyrir umferð í byrjun árs 2018.

Verkefnið hefur hingað til gengið brösuglega þrátt fyrir kröftuga byrjun. Stríður straumur heits vatns Eyjafjarðarmegin hefur torveldað starfsmönnum að vinna við gangagröft og bæði bergsig og kalt vatn hefur tafið vinnu að austanverðu, Fnjóskadalsmegin.

Umferðarmet hafa verið slegin ítrekað á landinu síðustu þrjú ár og hefur umferð um Norðausturland aukist gríðarlega í takt við aukinn straum ferðamanna til landsins. Göngin koma í stað Víkurskarðs, sem lokast iðulega á vetrum. **– sa**

# Hafnarfjörður var nálægt greiðsluþroti árið 2014

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Veltufjárhlutfall Hafnarfjarðarbæjar í byrjun árs 2015 var svo lágt að það gefur sterklega til kynna að sveitarfélagið hafi verið ansi nálægt greiðsluþroti. Þetta er niðurstaða Stefáns B. Gunnlaugssonar, dósents við Háskólann á Akureyri, en ný rannsókn hans á fjárhagslegri heilsu sveitarfélaga sýnir að mörg sveitarfélög séu mjög veik.

„Niðurstöðurnar eru sláandi. Þær gefa til kynna að fjárhagsstaða íslenskra sveitarfélaga hafi oft verið slök,“ segir Stefán. Stefán notar líkan til að meta heilsu sveitarfélaga og raðar sveitarfélögum upp eftir einkunn úr líkaninu.

Meginástæða lélegrar einkunnar Hafnarfjarðar hafi verið slæm greiðslustaða bæjarfélagsins. „Svo lágt veltufjárhlutfall gefur sterklega til kynna að sveitarfélagið hafi í raun verið nálægt greiðsluþroti,“ að mati Stefáns.

Í rannsókn Stefáns skoðar hann einnig hvort fjölmenn sveitarfélög séu betur á sig komin andlega sem og að skoða hvort sveitarfélög landsbyggða séu öðruvísi en höfuðborgarinnar. Rannsóknin gefur til kynna að litlu sveitarfélögin standi betur en þau stærri.

Þau fá hærri einkunn en þau stærri. Hins vegar var ekki marktækur munur á einkunn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Stefán mun kynna rannsókn sína í Háskólanum á Akureyri í hádeginu í dag. **– sa**

> Niðurstöðurnar eru sláandi.



Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri.





Alla daga 8-20
Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – www.noatun.is
NÓATÚN


Ford
MONDEO
MONDEO
#MAGNAÐASTUR
Ford Mondeo er þýður og hljóðlátur, alveg hreint magnaður.
Hann er hlaðinn lúxusbúnaði eins og upphitanlegri framrúðu, loftkælingu, Bluetooth, 8" snertiskjá með leiðsögukerfi og nálægðarskynjurum að framan og aftan. Mondeo verndar alla fjölskylduna með fimm stjörnu öryggi.
Upplifðu magnaða lúxustilfinningu í Ford Mondeo.
BEINSKIPTUR FRÁ:
3.790.000 KR.
FORD ER FRÁBÆR!
Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur – komdu núna!
LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR
– þú getur fengið hann í allt að 24 tíma!
24
Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!
Ford
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Hæstiréttur sýknaði fimmmenningana af ákærum saksóknara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hæstiréttur sýknaði alla

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi forstjóri SPRON og fjórir fyrrverandi stjórnarmenn sparisjóðsins voru sýknaðir í Hæstarétti í gær af ákæru um umboðssvik. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms.

Guðmundur Hauksson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri SPRON, og fyrrverandi stjórnarmennirnir Ari Bergmann Einarsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ásgeir Baldurs og Rannveig Rist voru ákærð af sérstökum saksóknara fyrir að hafa misnotað umboð sitt með tveggja milljarða króna lánveitingu til eignarhaldsfélagsins Exista þann 30. september 2008. Lánið var veitt daginn eftir að ríkið tilkynnti um yfirtöku á Glitni og sex dögum áður en neyðarlögin voru sett.

Saksóknari vildi meina að með lánveitingunni hefðu fimmmenningarnir farið út fyrir umboð sitt og stefnt fé sparisjóðsins í verulega hættu með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga. Í ákærunni var byggt á því að lánið hefði verið veitt Exista án tryggingar og án þess að lagt væri mat á greiðslugetu og eignastöðu félagsins í samræmi við útlánareglur. Taldi saksóknari að um stórfellt brot væri að ræða.

Hæstiréttur taldi það ósannað af hálfu ákæruvaldsins að forstjórinn og stjórnarmenn hefðu misnotað aðstöðu sína umrætt sinn og þannig gerst brotleg. Árshlutauppgjör Exista fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 hefði legið fyrir á stjórnarfundinum þegar lánið var veitt, það verið rætt þar og niðurstaða þess, sem hefði sýnt afar sterka eiginfjárstöðu félagsins með endurfjármögnun tryggða fram í desember 2009, hefði verið meginforsenda lánsins. **– þh**

# Senda hermenn til Gambíu

**GAMBÍA** Senegölsk yfirvöld hafa sent hermenn til Gambíu vegna valdabaráttu milli Adama Barrow, sem var svarinn í embætti forseta Gambíu í síðustu viku, og Yahya Jammeh, fyrrverandi forseta landsins. Jammeh, sem tapaði í kosningunum, neitar að gefa eftir forsetastólinn. Hann krefst þess að kosið verði á nýjan leik.

Leiðtogar vestur-afríska ríkja hafa hótað því að stigi Jammeh ekki til hliðar muni ríkin fjarlægja hann með valdi. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna styður við aðgerðir ríkjanna en hvetur til háttvísrar lausnar. **-þh**

# Síðasti dagur Baracks Obama í embætti

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sver embættiseið klukkan fimm að íslenskum tíma í dag. Stuttu áður sver Mike Pence embættiseið varaforseta.

Athöfnin fer fram á tröppum þinghússins í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna. Forseti hæstaréttar, John Roberts, mun setja Trump og Pence í embætti.

Því næst munu fráfarandi forsetahjónin, Barack og Michelle Obama, yfirgefa svæðið í þyrlu. Trump heldur því næst innsetningarræðu sína og hlýðir á tónlist. Um kvöldið verða svo fjölmargar veislur.

Obama, sem hefur gegnt embættinu í átta ár, hélt sinn síðasta blaðamannafund í gær. Þar stiklaði hann á stóru og óskaði forsetahjónunum fyrrverandi, George H. W. Bush og Barböru Bush, skjóts bata en þau voru lögð inn á spítala í vikunni.

„Ég hef notið þess að vinna með ykkur. Það þýðir þó ekki að ég hafi notið hverrar einustu fréttar sem þið hafið flutt en það er eðli fjölmiðla. Þið eigið ekki að vera aðdáendur heldur gagnrýnendur. Þið eigið að spyrja krefjandi spurninga,“ sagði Obama við blaðamenn.

Aðspurður um framtíð Bandaríkjanna undir stjórn Trumps sagði Obama: „Ég held að þetta verði allt í lagi.“

Rík hefð er fyrir því að fyrrverandi forsetar skipti sér ekki af verkum eftirmanna sinna. Obama sagðist þó tjá sig ef hann teldi grunngildum Bandaríkjanna ógnað. **– þea**




Obama á sínum síðasta blaðamannafundi sem forseti. NORDICPHOTOS/AFP

# Mikið mannfall í skíðaparadís

**Snjóflóð féll á Rigopiano-hótelið á Ítalíu. Þrír hafa fundist látinn og tveir á lífi. Allt að þrjátíu og fimm er enn saknað. BBC greinir frá því að margir á hótelinu kunni að hafa farist í hamförunum í Abruzzo-héraðinu.**

**ÍTALÍA** Björgunarfólk telur allt að þrjátíu og fimm sé saknað á Rigopiano-hótelinu í Abruzzo-héraði Ítalíu. Snjóflóð féll á hótelið í fyrrinótt og er það talið hafa orsakast af jarðskjálfta.

Unnið var hörðum höndum að því að grafa niður að hótelinu en erfiðar aðstæður hafa torveldað verkið. Til að mynda eru vegir í kringum hótelið lokaðir vegna flóðsins og hefur björgunarfólk komist að hótelinu meðal annars á gönguskíðum.

Heimildarmenn BBC úr röðum björgunarmanna sögðu í gær að þrír hefðu fundist látnir í snjónum en tveir á lífi. Flestir séu þó enn ófundnir. Að sögn heimildarmanns voru líklega margir látnir á hótelinu í gær.

Þegar snjóflóðið skall á hótelinu hrundi þak þess. Talið er að tuttugu ferðamenn hið minnsta og sjö starfsmenn hafi verið inni á hótelinu þegar þakið hrundi. Hringt var í hótelið og ferðamenn í gærmorgun en enginn svaraði í símann.

„Það hafa margir farist,“ sagði Antonio Crocetta, svæðisstjóri björgunarsveitarinnar á svæðinu, við ítölsku fréttastofuna Corriere della Sera.

Á meðal hótelgesta voru nokkur börn. Fjölmiðlar á Ítalíu greina frá því að nokkur eða öll þeirra hafi trúlega farist í hamförunum.

Annar þeirra sem fundust á lífi, Giampaolo Parete, sagði í samtali við fjölmiðla að hann hafi ætlað út í bíl að sækja eitthvað skömmu áður en flóðið skall á.

„Ég var á kafi í snjó en náði að grafa mig upp. Bíllinn var ekki á kafi og ég beið eftir björgunarfólki,“ sagði Parete við fréttastofu Ansa. Hann bætti því við að kona hans og tvö börn væru inni á hótelinu.

Mikið hefur snjóað í Abruzzo og nærliggjandi héruðum, Marche og Lazio, undanfarna daga. Einn hefur fundist látinn í Lazio í vikunni og þá er annars saknað.

Snjóflóðið og jarðskjálftarnir hafa valdið því að rafmagnslínur hafa skemmst víða í héraðinu og eru mörg þorp í héraðinu án rafmagns.

Tíðir jarðskjálftar hafa riðið yfir Mið-Ítalíu undanfarna mánuði. Í október reið jarðskjálfti yfir svæðið en engan sakaði þar sem flestir náðu að koma sér í skjól. Jarðskjálftinn mældist 6,6 stig á Richter og var sá stærsti í 36 ár. Í ágúst síðastliðnum fórust hins vegar 298 manns í öflugum skjálfta.

**thorgnyr@frettabladid.is**



Mynd frá slökkviliði sem sýnir hótelið úr lofti. NORDICPHOTOS/AFP

**» Á meðal hótelgesta voru nokkur börn. Fjölmiðlar á Ítalíu greina frá því að nokkur eða öll þeirra hafi trúlega farist í hamförunum.**

## Abruzzi héraðið

- Í héraðinu búa rúmlega 1,3 milljónir manna.
- Héraðið teygir sig frá Apennínafjöllum að Adríahafi.
- Í héraðinu má finna um 75 prósent af þeim lífverum sem þrífast í Evrópu.
- Syðsta jökul Evrópu, Calderone, er að finna í héraðinu.

**KATLA MANAGER SELECTION**

Investment Company with Variable Capital governed by Luxembourg law
9, boulevard Prince Henri, L-1724 Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 72.942

**CONVENING NOTICE**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA MANAGER SELECTION (the “SICAV”) to attend an extraordinary general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 7 February 2017 at 11.30 a.m. (the “Meeting”) with the following agenda:

1. Approve the documents related to the merger of the sub-fund KATLA MANAGER SELECTION – GLOBAL EQUITY into the sub-fund KATLA FUND – GLOBAL VALUE according to article 1 (20) a) of the law of 17 December 2010 as amended (the “2010 Law”);
2. Fix the effective date of the merger on 15 February 2017, according to the 2010 Law;
3. Declare the dissolution of the SICAV with effect on 15 February 2017 by virtue of the merger by absorption of the remaining sub-funds of the SICAV.

Shareholders are advised that a quorum of fifty percent of the share capital of the SICAV is required for the Meeting and that decisions will be taken by a majority of two thirds of the votes cast. Proxies are available free of charge at the registered office of the SICAV. Shareholders who wish to attend the Meeting must inform the Board of Directors at least five calendar days prior to the Meeting.

Shareholders may consult the documents of the merger with the registered office of the SICAV.

The Board of Directors

# Þýski NPD-flokkurinn ekki bannaður

**ÞÝSKALAND** Stjórnlagadómstóll Þýskalands hefur hafnað því að banna flokk þýskra þjóðernissinna, NPD.

Þýsku sambandslöndin fóru fram á að flokkurinn yrði bannaður þar sem stefna hans og starfsemi bryti gegn 21. grein þýsku stjórnarskrárinnar. Samkvæmt þeirri grein má banna starfsemi stjórnmálaflokka ef stefna þeirra og starfsemi beinist gegn lýðræðislegu stjórnskipulagi Þýskalands.

Stjórnlagadómstóllinn, sem hefur meðal annars það hlutverk að staðfesta slíkt bann, kvað upp sinn úrskurð í gærmorgun. Í úrskurðinum segir að flokkurinn hafi vissulega stefnu sem vinni gegn lýðræðisskipulagi landsins. Hann vilji beinlínis kollvarpa núverandi stjórnskipan til að geta komið í staðinn á einhvers konar alræði byggðu á þjóðernishugmyndum.

**» Fylgið hefur í staðinn leitað yfir í AfD-flokkinn sem hefur bæði nærst á og alið á ótta við flóttafólk**

Hins vegar sé ekki sjáanlegt að flokkurinn hafi, í það minnsta ekki sem stendur, neina möguleika á því að hrinda þessari andlýðræðisstefnu sinni í framkvæmd. Þess vegna sé engin þörf á því að banna flokkinn.

NPD, eða Nationaldemokratische Partei Deutschlands, hefur starfað síðan 1964 og var um tíma nokkuð öflugur en á síðustu árum hefur kvarnast verulega úr flokknum. Fylgið hefur í staðinn leitað yfir í AfD-flokkinn sem hefur bæði nærst á og alið á ótta við flóttafólk og andstöðu við Evrópusambandið. **– gb**

**skattur.is**




# Munið að skila
# launaupplýsingum

Launaupplýsingum (launamiðum) og öðrum gögnum er eingöngu hægt að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

Skilafresti vegna framtalsgerðar 2017

## lýkur í dag

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk.is/hafa-samband

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

STOFNUN ÁRSINS 2016

Nánari upplýsingar á ***rsk.is***

## Ósjálfbær stefna



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Fátt benti til þess árið 2013 að flóknasta viðfangsefni Seðlabankans og stjórnvalda á komandi árum væri að bregðast við gríðarlegu gjaldeyrisinnstreymi og samfelldri gengisstyrkingu krónunnar. Hreinn gjaldeyrisforði var þá neikvæður um nær hundrað milljarða og Ísland stóð frammi fyrir fordæmalausum greiðslujafnaðarvanda. Ekki var hægt að hefja losun fjármagnshafta nema að finna fyrst lausn á skuldaskilum gömlu bankanna sem tryggði hagsmuni Íslands – að öðrum kosti var hætta á því að hagkerfið færi á hliðina samhliða gengisfalli og lausafjárkreppu í fjármálakerfinu. Það tókst.

Í dag glímir Ísland við nokkurs konar lúxusvanda sem stafar af áður óþekktu innflæði gjaldeyris. Seðlabankanum hefur tekist að byggja upp óskuldsettan gjaldeyrisforða sem uppfyllir öll alþjóðleg viðmið – og vel það – með því að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir samanlagt 770 milljarða á aðeins þremur árum. Sú forðasöfnun Seðlabankans var skynsamleg. Í aðdraganda haftalosunar var brýnt að auka traust og trúverðugleika á ferlinu með því að minnka lausafjáráhættu þjóðarbúsins í erlendri mynt og vinna gegn of hraðri styrkingu krónunnar. Gjaldeyriskaupin þjónuðu þeim tilgangi.

Kaup af slíkri stærðargráðu hafa hins vegar einnig í för með sér kostnað fyrir Seðlabankann – og hann fer nú stigvaxandi. Samkvæmt útreikningum sem birtust í umfjöllun Markaðarins í vikunni má áætla að uppsafnaður heildarkostnaður – bæði vegna gengistaps og vaxtakostnaðar – nemi yfir 120 milljörðum frá 2014. Hagfræðingar eru því flestir sammála um að Seðlabankinn geti ekki lengur haldið áfram á sömu braut. Forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins hefur bent á að það séu líklega fá dæmi þess að nokkur seðlabanki „hafi safnað jafn miklum gjaldeyri á svo skömmum tíma ofan í svo mikla styrkingu og með eins mikinn vaxtamun“. Á sama tíma og bankinn hefur verið á þessari vegferð til að vinna gegn gengishækkun krónunnar eru enn hömlur á útflæði fjármagns. Það er með ólíkindum.

Nauðsynlegt er að endurmeta sem fyrst forsendur peningastefnu Seðlabankans. Háir raunvextir laða til landsins fjármagnsinnflæði með tilheyrandi gengisstyrkingu, innlendir aðilar veigra sér við að ráðast í tímabæra áhættudreifingu með erlendum fjárfestingum og vaxtakostnaður gjaldeyrisforðans er mun hærri en ella. Peningastefnan þarf að taka mið af þeirri byltingu sem orðið hefur á hagkerfinu með tilkomu nýrrar og ört vaxandi gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar. Ólíklegt er að vaxtalækkun í núverandi árferði muni raska jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Öðru nær.

Þeir sem halda um stjórnartaumana í Seðlabankanum munu ekki eiga frumkvæði að breytingum á peningastefnunni. Til að hrinda af stað slíkri uppstokkun þarf pólitíska forystu með skýr markmið að leiðarljósi. Þau er því miður ekki að finna í nýjum stjórnarsáttmála. Standi stjórnvöld aðgerðarlaus hjá er ljóst að óbreytt stefna mun fyrr en seinna þurrka upp allt eigið fé Seðlabankans og bankinn verður tæknilega gjaldþrota – aftur.

**Til að hrinda af stað slíkri uppstokkun þarf pólitíska forystu með skýr markmið að leiðarljósi.**

ERTU MEÐ KVEF EÐA FLENSUEINKENNI?



MARINE PHYTOPLANKTON
Sjávarþörungur
HAWAIIAN NONI
Frábær tvenna
Fyrirbyggjandi við kvefi og flensu
Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni
Ofurfæða úr hafinu
Orka – Einbeiting - Úthald
Veikindabani
Styrkir ónæmiskerfið
Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.
BALSAM
www.balsam.is

### Halldór




## Frá degi til dags

**Bílastæðagjöldin**

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er kveðið á um að stefnt skuli að skynsamlegri gjaldtöku af ferðamönnum, til dæmis með bílastæðagjöldum. Þetta er eðlilegt og gott markmið. Víða erlendis þekkist það að bílastæðagjöld eru notuð til þess að hafa áhrif á aðsókn að ferðamannastöðum. Þess utan má spyrja sig hvort eðlilegt sé að eini staðurinn þar sem bílastæðagjöldum er beitt sé í miðborg Reykjavíkur. Ef hægt er að nýta slík úrræði til að takmarka ágang í miðborg Reykjavíkur hlýtur það að vera viðunandi úrræði til að vernda þær náttúruperlur sem okkur þykir vænst um.

**Vondi maturinn**

Að allt öðru. Meirihluti borgarstjórnar í Reykjavík felldi tillögu Mörtu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um að í Ráðhúsinu yrði boðið dagsdaglega upp á sama mat og leik- og grunnskólabörnum er boðið. Í frétt mbl.is um málið er ekki greint frá rökstuðningi meirihlutans fyrir ákvörðun sinni. En það er vissulega ekki sannfærandi ef vitnisburður um umhyggju borgarfulltrúanna fyrir börnum okkar, ef þeir bjóða börnunum mat sem þeir sjálfir geta ekki lagt sér til munns.

jonhakon@frettabladid.is

## Framtíðarsýn í ferðamálum



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Ferðaþjónusta hefur á skömmum tíma orðið umfangsmesti atvinnuvegur landsins. Nú þegar skilar hún miklum verðmætum til samfélagsins og hún hefur skipt sköpum við endurreisn efnahagslífsins.

„Það er mér mikill heiður að fá að njóta stuðnings svona virts fyrirtækis eins og KPMG sem hefur stutt dyggilega við kvennagolf undanfarin ár. Ég get ekki beðið eftir að verða þeirra fulltrúi og um leið fulltrúi Íslands þegar ég byrja feril minn á þessari sterkustu mótaröð í heimi,“ segir Ólafía Þórunn.



Jón S. Helgason, framkvæmdastjóri KPMG á Íslandi, segir í samtali við Fréttablaðið að styrkurinn sé þannig að Ólafía fái bæði fastar greiðslur og einnig árangurstengdan bónus. Hún fær greiðslu á hverju ári sem hjálpar henni mikið að borga ferðalög og uppihald en peningurinn frá KPMG er þó ekki eyrnamerktur neinu sérstöku. Ólafía ráðstafar honum að vild.

Þetta er mikil búbót fyrir þessa framtíðarstjörnu en samningurinn er til þriggja ára.

„Við hlökkum mikið til að fylgjast með henni á komandi keppnistímabili og vonum að henni vegni vel, bæði innan golfvallar og utan sem golfmerkisberi KPMG,“ segir Jón S. Helgason. tomas@365.is

blómaval

# BÓNDA DAGUR

## í Blómavali

**Kaupaukar, fylgja öllum afskornum blómum í Blómavali Skútuvogi og Grafarholti í dag meðan birgðir endast**



-25%
Túlípanar 10 stk
**1.490kr**
~~1.990kr~~
Vasi fyrir túlípana 2.790 kr

**2 fyrir 1 í bíó**
**HJARTASTEINN**

**BRUGGHÚSIÐ**
afsláttarmiði

**RAKSPÍRI**
prufa frá D&G

DOLCE & GABBANA




## 25% afsláttur
af öllum luktum

## Útsala á pottaplöntum
### 25-50% afsláttur
af öllum pottaplöntum



Lukt 18x18x54cm
**4.493kr**
~~5.990kr~~



Rósir 10 stk.
**2.990kr**
~~3.490kr~~



-26%
Orkidea
**1.990kr**
~~2.690kr~~



-26%
Indíánahöfðingi
9 cm pottur
**1.490kr**
~~1.990kr~~

## Merkisviðburðir



**1921** Fyrsta stjórnarskrá Tyrklands er samþykkt.
**1957** Samtök íþróttafréttamanna kjósa Vilhjálm Einarsson „Íþróttamann ársins 1957“. Þetta er í fyrsta sinn sem kjörið fer fram en Vilhjálmur hlýtur titilinn alls sex sinnum í röð.
**1974** Snjódýpt á Hornbjargsvita mælist 218 sentimetrar sem er það mesta sem mælst hefur hér á landi.
**1991** Skíðaskálinn í Hveradölum brennur. Hann er byggður upp aftur ári síðar.
**2001** George W. Bush tekur við embætti sem 43. forseti Bandaríkjanna.



Leikkonan Saga Garðarsdóttir er viss um að Steypustöðin muni leggjast vel í landsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Of gömul til að ákveða núna að verða goth

**Leikkonan Saga Garðarsdóttir er ein þeirra sem fara með hlutverk í þáttunum Steypustöðinni sem hefja göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Saga segir leikarateymið í þáttunum hafa náð einstaklega vel saman og í ferlinu komst hún að því að hún dýrkar Auðun Blöndal.**

„Þetta eru sem sagt sketsa-þættir sem Steindi, Sveppi og Auddi skrifa saman,“ segir leikkonan Saga Garðarsdóttir um þættina Steypustöðina en hún fer með hlutverk í þáttunum. „Og ég, Ágústa Eva og María Guðmundsdóttir leikum kvenhlutverkin. Þetta eru mjög fyndnir og súrir sketsar,“ segir Saga spurð um hvernig þætti sé að ræða.

„Ég myndi segja að ég sé með leiksigur hvað varðar hissa-svip í þessum þáttum. Ég er alltaf alveg rosalega hissa á því sem strákarnir eru að gera. Uppáhaldsketsinn minn er þegar við Sveppi leikum par sem er að lýsa sínum fyrsta kossi. Þá geri ég líka alls konar svipbrigði sem ég held að muni öll slá í gegn. En uppáhaldið mitt í öllu ferlinu er þegar ég fæ að leika afgreiðslukonu í Fjarðarkaupum. Það er vissulega aukahlutverk en konan sem ég leik er goth-ari. Það augnablik endist kannski í fimm sekúndur, fimm yndislegar sekúndur,“ segir Saga sem gæti trúað að hún sé goth-ari inn við beinið. Henni þykir þó of seint að taka upp nýjan stíl núna. „Já, ég er komin á þann aldur að það er eiginlega of seint fyrir mig núna að prófa að vera goth-ari. Ég þarf að hafa afsökun fyrir að setja á mig svartan varalit og hleypa myrkrinu í gegn. En ég dýrkaði þetta hlutverk! Mig dreymir orðið um að sminka yfir freknurnar og leika eitthvað dökkt og ógeðslegt.“

> Mig dreymir orðið um að sminka yfir freknurnar og leika eitthvað dökkt og ógeðslegt.

Saga segir hópinn á bak við Steypustöðina hafa smollið vel saman og að hún hafi skemmt sér vel við gerð þáttanna. „Ég vil meina að Steindi sé einn af mínum bestu vinum. Ég vona að hann sé sammála. Annað væri svo vandræðalegt. Svo finnst mér Sveppi fyndnasti maður Íslands. Ég reyni að hlæja ekki að öllu sem hann segir svo honum líði ekki óþægilega. En svo var ég bara að kynnast Auðuni Blöndal og ég dýrka hann. Núna vil ég bara fá hann yfir í minn vinahóp. Draga hann af Austri og fara með hann á erfitt gjörningakvöld í Mengi,“ segir Saga og hlær.

Saga er vongóð um að þættirnir leggist vel í landsmenn. „Sko, á forsýningunni þá var ég svolítið stressuð. En Ágústa Eva kom til mín og spurði mig af hverju og þá áttaði ég mig. Ég meina, við skrifum þetta ekki, þannig að ef þetta fokkast allt upp þá segjum við: „Þeir sögðu mér að segja þetta.“ Núna er ég ekkert stressuð, bara spennt. Ég er fullviss um að þetta mun leggjast vel í alla. Svo vona ég að ég fái að vera með í skrifteyminu næst, til að auka fjölbreytileikann þar.“

**gudnyhronn@365.is**




✝

Faðir okkar, afi og bróðir,
**Gunnar Magnús Jónsson**
frá Hávarsstöðum,
verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd laugardaginn 21. janúar næstkomandi kl. 14.00.

**Gísli Magnússon**
**Ingibjörg Skjoldager**
**Grétar Jónsson**
**Pétur Jónsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðrún Erla Skúladóttir**
lést á Landspítalanum þann 11. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. janúar næstkomandi kl. 15.00.

**Jóhannes Gíslason**
**Hulda Jóhannesdóttir** **Einar Guðmundsson**
**Guðrún Jóhannesdóttir** **Kristinn Sigvaldason**
**Sigrún Jóhannesdóttir** **Birgir Sigurðsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Dóttir okkar, móðir og tengdamóðir, sambýliskona, systir og amma,
**Sigurbjörg Steinþórudóttir**
Tjarnargötu 40 í Reykjavík,
sem lést á líknardeild LSH í Kópavogi föstudaginn 6. janúar, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði í dag, föstudaginn 20. janúar klukkan 13.00.

**Steinþóra Þorsteinsdóttir** **Sigurður Þ. Arndal**
**Davíð A. Stefánsson** **Margrét G. Magnúsdóttir**
**Stefán J. Stefánsson** **Sara S. Ólafsdóttir**
**Ólafur E. Thoroddsen**
**Sædís Arndal** **Valur Jóhannsson**
**barnabörn og Sáma.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurður Magnússon**
húsgagna- og húsasmíðameistari, Vaðlaseli 10.
lést á Skógarbæ þriðjudaginn 10. janúar 2017. Hann verður jarðsunginn frá Seljakirkju miðvikudaginn 25. janúar kl. 13.00. Aðstandendur þakka starfsfólki Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

**Anna Daníelsdóttir**
**Jóhanna Sigurðardóttir** **Haraldur Svavarsson**
**Ásdís Sigurðardóttir** **Stefnir Páll Sigurðsson**
**Birna Sigurðardóttir**
**Daníel Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Sigrúnar Pálsdóttur**
frá Húsavík.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir frábæra umönnun, alúð og hlýju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásgeir Páll Sigtryggsson** **Heiða Th. Kristjánsdóttir**
**Brynjar Sigtryggsson** **Anna Margrét Guðmundsd.**
**Sigurveig Karólína Sigtryggsd.** **Pétur Steingrímsson**



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,
**Auður Sigurðardóttir**
Bergi á Seltjarnarnesi,
sem lést miðvikudaginn 11. janúar, verður jarðsett frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 23. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hinnar látnu láti Alþjóðastarf Rauða krossins njóta þess.

**Guðmundur Hafsteinsson** **Hanna Guðrún Guðmundsd.**
**Sunneva Hafsteinsdóttir** **Gunnar Þórðarson**
**Einar Hafsteinsson** **Sigurborg Inga Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
20. JANÚAR 2017 FÖSTUDAGUR



Lífsstíll

# VÍSINDIN ERU HEILLANDI

**Katrín Lilja Sigurðardóttir** eða Sprengju-Kata var orðin altalandi eins árs og læs fjögurra ára. Hún kennir efnafræði við Háskóla Íslands og brennur fyrir því að kynna vísindi fyrir ungu fólki. Hún týndi sjálfri sér á unglingsárum og fullorðnaðist hratt eftir að hún eignaðist frumburðinn á fyrsta ári í menntaskóla. »

MYND/ANTON BRINK

MEISTARAMÁNUÐUR

Miðvikudaginn 25. janúar mun sérblaðið Meistaramánuður fylgja Fréttablaðinu.

Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar með því að senda póst á netfangið serblod@365.is eða með því að hringja í síma 512 5402



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Ég hefði sennilega valið mér annað viðurnefni. Chemistry-Kate hljómar ágætlega en Efnafræði-Kata stuðlar ekki eins vel. Annars þýðir lítið að hugsa út í þetta núna því viðurnefnið Sprengju-Kata er alveg pikkfast við mig,“ segir Katrín Lilja Sigurðardóttir, efnafræðingur og einn öflugasti meðlimur Sprengjugengis Háskóla Íslands undanfarin ár, spurð út í viðurnefni sitt.

Katrín kennir efnafræði við Háskóla Íslands og leggur mikinn metnað í að kynna töfra efnafræði og vísinda fyrir krökkum og ungu fólki. Bæði með Sprengjugenginu og á sjónvarpsskjánum með Ævari vísindamanni. Hún heillar áhorfendur með ákafa sínum og segist breytast í „eldfiman karakter“ á sviðinu.

„Á efnafræðisýningum þarf maður gjarnan að leggja sig allan fram við að halda athygli áhorfenda. Í þessu hlutverki á ég það til að fara hamförum. Ég veit ekki hvort sprengju-viðurnefnið sé vísun í þennan eldfima karakter sem ég á til að breytast í þegar ég útskýri efnafræði fyrir fólki. Núna seinustu ár hef ég haldið mig aðeins til hlés í Sprengjugenginu og leyft nemendum að spreyta sig en hef sjálf meira verið að sinna einstaklingsverkefnum í vísindamiðlun,“ segir Katrín en viðurkennir að tilfinningin sé engu lík að sjá unga áhorfendur gapa af undrun.

„Ég get varla lýst tilfinningunni þegar áhorfendur verða dolfallnir yfir undrum efnafræðinnar. Ef okkur tekst að gera hóp efnafræðinema, klædda hvítum sloppum og með öryggisgleraugu, að fyrirmyndum ungs fólks þá er tilganginum klárlega náð! Næsta sýning Sprengjugengisins verður á árlegum opnum degi HÍ laugardaginn 4. mars.“

## HEFTAÐI FINGUR BRÓÐUR SÍNS

Katrín var forvitinn krakki sem lét sig oft hverfa. Hún var orðin altalandi eins árs, framhleypin og dugleg og gaf sig ófeimin á tal við ókunnuga. Systkinin tóku upp á ýmsu og spurð út í skammarstrik segir hún að það versta sem hún hafi gert af sér hafi verið að hefta gegnum fingur á bróður sínum. „Reyndar bað hann mig um að gera það, en samt, ég hefði ekki átt að hefta,“ rifjar hún hlæjandi upp.

„Sem barn fékk ég mikla örvun heima við. Í minningunni vorum við öllum stundum að mála, púsla, kubba, spila, föndra, lesa eða úti að leika. Við höfðum alltaf nóg fyrir stafni og þannig vildi ég hafa það og vil reyndar enn. Frá fyrsta skóladegi var ég mikill námshestur og átti alltaf auðvelt með námið enda var ég orðin læs um 4 ára aldur. Ég elskaði að læra og stærðfræði var alltaf í uppáhaldi.“

## VALIN SÍÐUST Í LIÐIÐ

„Ég prófaði að æfa margar íþróttagreinar, til dæmis ballett, júdó, sund, handbolta, körfubolta, tennis og frjálsar en náði aldrei að festa rætur í neinni grein. Reyndar var ég ekki góð í íþróttum almennt og var alltaf valin síðust í liðið í leikfimi í skólanum. Ég veit ekki alveg hvað mamma var að spá þegar hún sendi mig í ballett. Hún var sennilega að gera tilraun til að draga fram kvenlegar og mjúkar hreyfingar en þær var hvergi að finna,“ segir Katrín sposk.

## MÓTUNARÁR Í SVÍÞJÓÐ

Rætur Katrínar liggja í Kópavogi. Til sjö ára aldurs bjó hún við Fossvogsdalinn þar sem krakkarnir gáfu hestum brauð og veiddu síli í lækjum. Þá flutti fjölskyldan til Svíþjóðar.

„Þótt ég hafi bara búið í Svíþjóð í tvö ár voru það mikil mótunarár svo mér finnst einhver hluti af mér vera sænskur. Foreldrar mínir skildu í Svíþjóð og við börnin fórum með mömmu aftur til Íslands. Ég er miðjubarnið af fimm börnum hennar mömmu; á tvær eldri systur, Möggu og Guðrúnu, og tvo yngri bræður, Sigga og Pétur. Við fimm systkinin ólumst upp saman og það var alltaf mikið um að vera á heimilinu. Pabbi minn átti fimm börn úr fyrra hjónabandi en þeim kynntist ég ekki fyrr en á fullorðinsárum.“

## ÓLÉTTAN ENDAÐI UNGLINGSÁRIN

Katrín segir „unglingaveikina“ hafa herjað á sig og um tíma hafi hún týnt sjálfri sér. Á unglingsárunum hafi móðir hennar flutt með systkinin út á land og það hafi jafnvel komið í veg fyrir að hún færi út af sporinu.

„Mamma bjó með okkur á Laugum í Reykjadal og svo í Öxarfirði og á Kópaskeri. Ég verð ævinlega þakklát fyrir að eyða unglingsárunum í sveitinni því ég týndi aðeins sjálfinu á þessum tíma og hefði mögulega getað endað í slæmum félagsskap í borginni. Strax eftir grunnskólann gerðist ég ofursjálfstæð. Fimmtán ára eignaðist ég kærasta og flutti að heiman. Við leigðum okkur íbúð á Laufásvegi um tíma og ég byrjaði í Menntaskólanum í Reykjavík. Stuttu eftir að skólinn byrjaði varð ég ólétt og eignaðist Róbert minn um vorið. Unglingsárin mín breyttust því fljótt í fullorðinsár,“ segir Katrín.



Katrín og Emil með öll börnin, Tómas Nóa, Hólmfríði, Jón Bjarna, Róbert og Sumarrós.

Hún hafi þó aldrei slegið slöku við í skólanum. „Ég sinnti alltaf náminu af krafti. Vísindin hafa alltaf heillað mig og sem barn leitaði ég helst í fræðibækur og las mikið. Ég lauk stúdentsprófi af stærðfræðibraut í Versló og tók eitt ár í stærðfræði í HÍ. Ég fann mig ekki alveg í því námi og skipti yfir í efnafræði. Þá loks kynntist ég faginu almennilega og áhuginn kviknaði.“

## STÓR FJÖLSKYLDA

„Ég á þrjú börn. Róbert hefur fylgt mér nánast frá barnsaldri en hann verður 18 ára í vor. Sumarrós er 10 ára og Hólmfríður 8 ára en þær eignaðist ég báðar meðan ég stundaði nám við HÍ. Svo á Emil kærasti minn tvo syni, Tómas Nóa 14 ára og Jón Bjarna 10 ára, svo það eru fimm börn á heimilinu þegar mest er og mikið fjör,“ segir Katrín innt efir því hvort hún eigi stóra fjölskyldu.

„Það er alltaf eitthvað um að vera og fjölskyldan fær alls ekki nógu oft tíma fyrir sig. Ef það eru ekki viðburðir, veislur eða íþróttamót förum við kannski saman í Kolaportið, í bíó, á skauta, í Klifurhúsið, í heimsókn eða það sem okkur dettur í hug hverju sinni. Mig dreymir um að komast í fjölskylduferð til útlanda og er búin að lofa að láta það eftir mér á næstu misserum,“ segir Katrín. Hún slakar þá sjaldan á yfir bók eða hvað?

„Það eru reyndar tvær bækur á náttborðinu núna. Önnur heitir „The Elements of Murder: A History of Poison“. Titillinn segir alla söguna en bókin fjallar um banvæn frumefni. Hin bókin er spennusagan „Ég man þig“ eftir Yrsu Sigurðardóttur. Seinustu ár hef ég lesið og hlustað á sænsku spennusögurnar eftir Lars Kepler til að viðhalda sænskunni.“

## VIGTIN NÁLGAÐIST 100 KÍLÓ

Þótt Katrín hafi ekki fundið íþróttaáhugann á æsku- og unglingsárum stundar hún útihlaup af kappi í dag. Hún byrjaði einfaldlega á því að fara út að skokka og á nú að baki eitt maraþon og hljóp Laugaveginn síðasta sumar.

„Ég fór að skokka fyrir 10 árum síðan. Þá hljóp ég mína fyrstu 10 km í Reykjavíkurmaraþoni á 66:38 og lenti í sæti 477 í mínum aldursflokki. Ég var veik af áreynslu í viku á eftir. Eftir að ég átti Hólmfríði árið eftir var ég allt of þung, nálægt 100 kílóum. Ég var með tvö lítil börn og í krefjandi námi í HÍ og þótt ég hafi verið lélegur hlaupari á þeim tíma virkuðu útihlaup á mig eins og gleðisprauta. Svo gerðist það ótrúlega árið 2012 að ég sigraði í 5 km keppnishlaupi í Öskjuhlíð. Ég sem hafði aldrei á ævinni unnið íþróttaafrek fékk bikar fyrir að vera fyrst kvenna í mark! Leiðin lá bara upp á við og ári síðar hljóp ég 10 km í Reykjavíkurmaraþoni á 41:55 og hafnaði í 4. sæti í mínum aldursflokki,“ segir Katrín.

„Ég lærði fljótt að náttúruhlaup veittu mér meiri hamingju og fara betur með líkamann. Utanvegakeppnishlaup eru eitthvað svo spennandi og róleg hlaup í náttúrunni í góðra vina hópi halda geðheilsunni í lagi. Heiðmörk er í algjöru uppáhaldi en svo er ég nýbúin að uppgötva stígaparadísina í Öskjuhlíð fyrir styttri hlaup. Á seinasta ári keppti ég bæði í maraþoni og hljóp Laugaveginn. Tilfinningin að koma í mark eftir 7,5 klukkustunda hlaup var ólýsanleg. Þá grét ég gleðitárum.“



„Ég veit ekki hvort sprengju-viðurnefnið sé vísun í þennan eldfima karakter sem ég á til að breytast í þegar ég útskýri efnafræði fyrir fólki.“



Ellefu ára gömul. „Mig minnir að tískan hafi nú ekki verið svona heldur hafi þetta verið mjög misheppnuð tilraun til að vera töff.“



„Ég veit ekki alveg hvað mamma var að spá þegar hún sendi mig í ballett. Hún var sennilega að gera tilraun til að draga fram kvenlegar og mjúkar hreyfingar en þær var hvergi að finna.“

## SKEMMTILEGASTA SUMARSTARF Í HEIMI

Árlega fer fjögurra manna sveit úrvalsnemenda til að taka þátt í alþjóðlegri Ólympíukeppni í efnafræði og heldur Katrín utan um liðið. Í sumar verður keppnin haldin í Taílandi og taka Íslendingar nú þátt í 16. skipti. Allir menntskælingar landsins geta tekið þátt í landskeppni sem fram fer þann 1. mars. Stigahæstu nemendum er svo boðið í úrslitakeppni í HÍ sem sker úr um hverjir skipa Ólympíuliðið í sumar.

„Ég hef unnið við framkvæmd landskeppninnar og þjálfun liðsins í sex ár og hef tekið algjöra ástfóstri við keppnina. Þarna tengjast vísindamenn framtíðarinnar vináttuböndum og leggja grunninn að alþjóðlegu vísindasamstarfi síðar meir. Alþjóðlega Ólympíukeppnin fer fram í júlí ár hvert svo að strax eftir próflok í skólunum fara nemendur í skemmtilegasta sumarstarf sem hægt er að hugsa sér – að læra efnafræði,“ segir Sprengju-Kata.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Í VERSLUN CURVY
# 30-70% AFSLÁTTUR





































VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Curvy.is VERSLUNIN CURVY - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Flísarnar fékk Heiðdís í Flísabúðinni. Gólfflísarnar setja mikinn svip á eldhúsið.



Myndir eftir Moniku Petersen.



Flestallt í eldhúsinu er úr Litlu hönnunarbúðinni.



Einfalt og smart.

# FLÍSALÖGÐU MEÐ HJÁLP YOUTUBE

**Heiðdís Helgadóttir** og **Birgir Jóhannsson** tóku eldhúsið í gegn á dögunum. Þrjú ár tók þau að hafa sig í verkið en þau ætla sér að taka allt heimilið í gegn. Þau nutu dyggrar aðstoðar fjölskyldunnar og YouTube.

HÆGELDAÐ NAUTABRJÓST

Hægeldað nautabrjóst
Texas BBQ Style
Borið fram í hamborgarabrauði með, ristuðum lauk,
sætkartöflustráum og
amerísku hrásalati
„coleslaw“,
ásamt krullufrönskum
**Aðeins 1.690 kr.**

2 FYRIR 1
Hægeldað nautabrjóst
Texas BBQ Style
1.690 kr. fyrir tvo
til og með 28. feb.

Klipptu flipann út og taktu með þér.

TEXASBORGARAR

Grandagarði 11
texasborgarar.is



**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við rifum allt út úr eldhúsinu eins og það lagði sig. Innréttingin var upphafleg og var orðin ansi lúin vægast sagt. Einnig korkurinn á gólfinu sömuleiðis svo að þetta var allt saman tekið,“ segir Heiðdís Helgadóttir teiknari, eigandi verslunarinnar Heiddddddinstagram í Hafnarfirði, spurð út í nýjustu framkvæmdirnar á heimilinu.

„Ég skissaði upp eldhúsið nokkurn veginn eins og við vildum hafa það. Tengdapabbi minn og mágur eru smiðir svo við vorum ekki í vandræðum með að græja allt saman sjálf með mjög góðri hjálp. Við flísalögðum hins vegar fyrir ofan innréttinguna sjálf og það var mjög skemmtilegt til þess að byrja með en býsna strembið. YouTube sá um þá leiðsögn frá A til Ö,“ segir Heiðdís og viðurkennir að örlað hafi á smá óþolinmæði við verkið.



**Heiðdís með son sinn Helga Björn Birgisson í nýja eldhúsinu.** MYND/EYÞÓR

„Kærastinn minn er mjög skipulagður í öllu svona og vill gera allt 100%. Við vorum því töluvert lengur að þessu en ég hefði viljað. Það er erfitt að vera hvatvís og óþolinmóður í framkvæmdum svo ég ég fékk mér bara kaffi þegar þolinmæðin var á þrotum,“ segir hún sposk.

*Vissuð þið hvernig eldhús þið vilduð?* „Það gekk alveg ótrúlega vel að velja þetta allt saman. Við fórum í ferðalag síðasta sumar til Þýskalands og Frakklands þar sem við gistum heima hjá fólki með mismunandi stíla. Ég púslaði þessu líklega saman svolítið í huganum á því ferðalagi. Gólfflísarnar eru náttúrulega pínu öðruvísi en mér finnst ákveðinn sjarmi yfir þeim. Svo vildi ég lýsa þetta allt saman vel upp því ekki veitir okkur af birtunni á þessu blessaða landi – svo að við völdum svarta kastara fyrir ljós. Borðplatan kom bara sem kontrast við allt svart/hvíta þemað sem var í gangi. Stíllinn á heimilinu er í raun og veru bara svolítið sá að við fylgjum hjartanu. Við erum fjögur sem búum saman en ekki bara tveir fullorðnir svo að mér finnst skipta máli að hafa heimili litríkt og lifandi fyrir börnin sem deila með manni heimili.“

*Eru frekari framkvæmdir framundan?* „Við stefnum á að taka allt heimilið í gegn en það tók okkur þrjú ár að byrja á þessu, sjáum til hvenær við nennum rest.“




Veriga er öflugur framleiðandi mannbrodda sem halda okkur á réttum kili í hálkunni, þú finnur gott úrval af ís- og hálkubroddum í verslun okkar GG•Sport.

# Verum viðbúin snjó og hálku á Veriga mannbroddum



MOUNTTRACK

**Fjallgöngubroddar**
- 13 punkta broddar
- Askja fylgir með
- Soðin samskeyti
- Sterkar lamir
- Ryðfrítt stál
- Frostþolið gúmmí
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5900 kr.**



ICETRACK

**Sterkir utanslóðabroddar**
- Góðir utanslóðabroddar
- Geymslupoki með beltafestingu
- Soðin samskeyti
- Ryðfrítt stál
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5490 kr.**



CITYTRACK

**Innanbæjarbroddar**
- Henta við hálar aðstæður
- 10 punktar veita hámarks grip
- Passa á flestar gerðir skófatnaðar
- Hágæða gúmmíteygja
- Auðveldir í notkun
- Geymslupoki fylgir
- Stærðir M (36-41), L (39-46), XL (45-48)

**Verð 2890 kr.**



PROTRACK

**Grófir innanbæjarbroddar**
- Grípa vel í hálku
- Grófir án gadda
- Fara innfyrir þröskuld án þess að skemma gólf (t.d. verslanir)
- Stærðir M (36-41), L (41-44,5), XL (45-48)

**Verð 6490 kr.**

# Hafðu (AKU®) með í valinu

**AKU SUPERALP GTX | 39.900 kr.**

**Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu útsölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.**

**Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum**




„Finndu okkur á Facebook"




**GG•sport**

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

# ALLAR MINNINGAR FRÁ PARÍS GÓÐAR

**Friðriku Benónýsdóttur** blaðamanni leist alls ekki á París þegar hún kom þangað fyrst. Í dag er París hennar uppáhaldsborg sem hún heimsækir að minnsta kosti einu sinni og jafnvel tvisvar á ári.

Uppáhaldsborgin
**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is





**Friðrika Benónýsdóttir.**

„Ég fór fyrst til Parísar rúmlega tvítug eftir að hafa legið í bókum um líf Hemingways, Fitzgeralds og þeirra allra í París á 3. og 4. áratug síðustu aldar. Sú heimsókn var sjokk lífs míns: allt var hræðilega skítugt, Signa var drullupollur og fólkið ótrúlega fjandsamlegt,“ segir Friðrika sem var lengi að jafna sig á því sjokki. Eftir að hafa lesið Minningabók Sigurðar Pálssonar og Parísarhjólið hans ákvað hún þó að gefa borginni annan séns árið 2009. „Það var eins og við manninn mælt, ég varð ástfangin af París á augabragði og hef síðan farið þangað á hverju ári – stundum tvisvar.“

> Það var eins og við manninn mælt, ég varð ástfangin af París á augabragði og hef síðan farið þangað á hverju ári – stundum tvisvar.
>
> Friðrika Benónýsdóttir

### SLEPPIR TÚRISTASTÖÐUM

Friðrika segir París hafa allt sem nokkurn gæti dreymt um að finna í einni borg. „Söguleg minnismerki, fagrar byggingar, rótgróna menningu, glæsileg listasöfn og dásamlegt mannlíf.“ Hún bendir á að þó flestir vilji sjá Eiffelturninn, Louvre, Sacré Coeur og Notre Dame, séu túristaraðirnar við þau kennileiti mjög óáhugaverðar. „Þannig að ég mæli frekar með því að fólk fari á Musée d'Orsay, Picasso-safnið, í grafhvelfingu Napóleons eða, það sem ég geri alltaf, sleppi öllum túristastöðum og gangi meðfram Signu eða slaki á í Lúxemborgargarðinum og þó allra helst á einhverju af þeim dásamlegu kaffihúsum sem borgin hefur upp á að bjóða. Það jafnast ekkert á við að sitja á gangstétt kaffihúss í París og fylgjast með mannlífinu.“

Kom henni eitthvað á óvart við borgina? „Hafandi legið í bókum sem gerast í París allt mitt líf kom kannski ekki margt beinlínis á óvart, nema þá helst hvað fólk var almennt kurteist og yndislegt þrátt fyrir orðspor um hið gagnstæða. Franskir þjónar eru úthrópaðir fyrir skort á þjónustulund, hroka og dónaskap en mín reynsla er sú að ef þú býður góðan dag – á frönsku auðvitað – og biður um að vera vísað til sætis, í stað þess að hlamma þér niður og byrja að veifa öllum skönkum, eru þeir ekkert nema ljúfmennskan.“

### ÓDÝRARA Í 20. HVERFI

Friðrika er þekkt fyrir góðan tískusmekk. Hvernig er að versla í París? „París er stórborg sem býður verslunarþyrstum allt sem hugurinn girnist, allt frá hátískufatnaði til drasls og djönks svo það fer eftir því eftir hverju fólk sækist hvar best er að bera niður. Rue de Rivoli er þekkt verslunargata með öllum keðjunum sem við þekkjum og líka Rue de Rennes uppi í 14. hverfi. Í Mýrinni úir og grúir af ungum hönnuðum og alls kyns dásemd og að þar er virkilega skemmtilegt að versla. Ef fólk vill spara sirka helming fer það út í 20. hverfi eða upp í 18. þar sem allt er undantekningalaust nærri helmingi ódýrara en niðri í bæ.“



**Í stað þess að þræða hina týpísku túristastaði mælir Friðrika með rölti meðfram Signu eða slökun í Lúxemborgargarðinum.**

### ALDREI VONDUR MATUR

Franska eldhúsið er heimsþekkt en hvar er best að borða í París? „Aftur snýst það bara um eftir hverju þú sækist. Ég hef aldrei fengið vondan mat í París. Sleppið samt stöðum sem bjóða upp á túristamatseðla á slikk, þeir eru yfirleitt ekki góðir. Finnið staðinn sem er fullur af Parísarbúum úr hverfinu og þið eruð örugg um góða upplifun.“

Friðrika er að lokum beðin um að rifja upp sína bestu minningu úr borginni. „Úff, þær eru alltof margar. Allt frá frönskum kabarett þar sem áttræður Ameríkani og átján ára japönsk snót voru borðfélagarnir til dásamlegs dinners á Closerie des Lilas, að ógleymdri andaktugri upplifun af impressjónistunum í Musée d'Orsay.

Þetta er nú bara það sem mér dettur fyrst í hug en í raun og veru eru eiginlega bara allar minningar frá París góðar. Annað er ekki hægt.“






# DEKRAÐ VIÐ BÓNDANN

Í dag er fyrsti dagur þorra og bóndadagur. Margir karlmenn hafa væntanlega verið vaktir í morgun með morgunverði í rúmið og fallegri gjöf sem er sniðin að þeim. Þeir makar sem hafa hins vegar ekki verið jafn fyrirhyggjusamir og eiga eftir að græja eitthvað fyrir bóndann hafa enn tækifæri til að slá í gegn. Hér eru nokkrar hugmyndir að góðum gjöfum sem hægt er að færa hinum heittelskaða síðar í dag eða kvöld.

**Fyrir heilsuáhugamanninn:** góðir æfingaskór, heilsúr, mannbroddar undir hlaupaskóna.

**Fyrir útivistarmanninn:** ullarnærföt, bakpoki, einangraður vatnsbrúsi.

**Fyrir nautnaseggin:** gómsæt steik í matinn, koníak, gjafabréf í nudd.

**Fyrir snyrtipinnann:** rakspíri, slaufa, skrautlegir sokkar.

**Fyrir tækjagúrúinn:** nýr tölvuleikur, linsa á myndavélina, verkfærasett eða borvél.

Að auki er alltaf klassískt að kaupa þorrabakka og bjór eða bjóða kallinum út að borða á góðan veitingastað.

## BÍLAR & FARARTÆKI

BRAUT BÍLASALA




MERCEDES BENZ E 250 bluetec 4 matic cdi Árgerð 2015 ek. 1 Þ.KM dísel sjálfskiptur. Verð Tilboð 8.890.000. Rnr.101792. FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA GÓÐ VERÐ

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

### Bílar til sölu



Chevrolet Kalos 2005. Frábær bíll í snattið/skólann/aukabíll. Beinsk. Ekinn 136.000 og í toppstandi. 3 eigendur. Ásett verð 560.000-kr fæst á 390.000-kr stgr. Uppl. í s. 779 2416



Reunaul Clio 2003 ek 97.000 Skoðaður 05 2018.Gullmoli Verð 450.000-kr. Uppl s: 779 2416



Ný Suzuki Vitara S Boosterjet AllGrip Bensín 150hp eyðsla innanbæja 7,5L/100km sjálfskiptur Leiðsögukerfi með Íslandskorti (Navigation) Leður innrétting/alcantara Verð 4.490.000 kr (samskonar bíll í umboði kostar 4.930.000 kr) Uppl. s 6930911

### Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann 8682352

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir




## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**
**smidskraftur@gmail.com**

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is










**Civic Sport**
Nýskráður 10/2012, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.650.000**




**CR-V Elegance**
Nýskráður 7/2007, ekinn 167 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**




**Peugeot 2008 Active Sky**
Nýskráður 9/2016, sýningarbíll frá umboði, dísel, sjálfskiptur. **Verð kr. 3.290.000**




**CR-V Executive**
Nýskráður 6/2005, ekinn 120 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.490.000**




**Jazz Trend**
Nýskráður 6/2016, ekinn 13 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.550.000**




**2008 e-HDi Allure**
Nýskráður 8/2015, ekinn 19 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 3.190.000**
**Tilboð kr. 2.490.000**




**208 Active**
Nýskráður 12/2014, ekinn 40 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.890.000**
**Tilboð kr. 1.350.000**




**HR-V Comfort**
Nýskráður 10/2016, sýningarbíll frá umboði, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.840.000**




**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 7/2012, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 4.290.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Opið á laugardögum
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU**

3- 4ja herbergja íbúð við Laugaveg, 120 fm m/ geymslu, leigutími er 1 ár. Leiguverð 270. þús á mán. Laus til afhendingar strax nánar hjá kristjan@leiguibudir.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KvikkFix

Viljum ráða bifvélavirkja eða menn vana bílaþjónustu. Áhugasamir sendi umsóknir á hinrik@nrg.is

**FAGSTÁL EHF LEITAR AÐ ÖFLUGUM MÁLMIÐNAÐARMÖNNUM.**

Við erum að leita að faglærðum eða vönum mönnum. Það vantar mann sem er tilbúinn að taka að sér verkstjórastöðu, mikil fríðindi fylgja því og má þar nefna bifreið til afnota. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, áreiðanleika, þjónustulund og geta átt góð samskipti við starfsmenn og kúnna. Einnig vantar almenna stálsmiði með reynslu á sviðinu og er mikill kostur að hafa góða reynslu af tig suðu. Um er að ræða stálsmiðju með fjölbreytt, krefjandi og spennandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera íslensku mælandi. Góð laun og mikil vinna í boði fyrir réttu mennina.

**Áhugasamir sendi umsókn merkt Upplýsingar sendist á fagstal@fagstal.is**

SÓMI

**SÓMI**

We are recruiting for staffs in production. Working hours are on weekdays from 07.00 - ca.15.30, and Sundays from 08.00 - ca. 15.00. Only well-organized people will be considered.

Applications should be sent to somi@somi.is, or be filled out personally at our office, Sómi ehf. Gilsbúð 9, 210 Garðabær.

**BELLADONNA OG MY STYLE - TÍSKUHÚS**

Hefur þú brennandi áhuga á tísku, ert jákvæð með mikla þjónustulund og góða hæfni í mannlegum samskiptum ? Þá erum við kannski að leita að þér, til að hjálpa okkur að þjóna viðskiptavinum okkar betur, sinna almennum afgreiðslustörfum, á kassa og í netverslun, framsetningu vara og útstillingum. Starfshlutfall 50-80%, eingöngu framtíðarstarf í boði.

**Umsóknir óskast sendar á netfangið stella@belladonna.is**

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. s: 6552849

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að duglegu og drífandi starfsfólki í vinnu sem allra fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á hreinirgardar@gmail.com

## tilkynningar

VESTURBYGGÐ

### Könnun á áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainnviða

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Vesturbyggð, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu.

**Auglýst er eftir:**

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Vesturbyggð.
B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar.
C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Vesturbyggð sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til Vesturbyggðar á netfangið baejarstjori@vesturbyggd.is fyrir **kl. 12:00 þann 25. janúar 2017.**

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Vesturbyggðar www.vesturbyggd.is




## skemmtanir




Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

Laugardaginn 21. jan

12:20 Liverpool - Swansea City
14:50 Stoke City - Man. United

Sunnudaginn 22. jan

14:05 Arsenal - Burnley
16:20 Chelsea - Hull City




**Rokksveit Jonna Ólafs. spilar um helgina.**

Allir velkomnir

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

BIFREIÐASKOÐUN

# Ert þú ferðafær?

## Í vetrarveðri er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja




Myndin er tekin á Holtavörðuheiði þann 22. des. kl. 20:00

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM

BIFREIÐASKOÐUN 2017-18

## Örugg bifreiðaskoðun um allt land

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Söluskoðun

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Farskoðari

### Ástandsskoðun

Frumherji býður upp á ástandsskoðun sem þróuð hefur verið fyrir kaupendur og seljendur. Þessi skoðun tekur til fleiri þátta en venjuleg skylduskoðun, viðskiptavinir koma með bílinn til Frumherja þar sem ástand bifreiða er metið.

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum ökutækja sinnt, s.s. aðalskoðun, endurskoðun og breytingaskoðun. Sjá meira á www.frumherji.is

FRÍTT WI-FI OG LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.




TILKYNNING

**EFTIRFARANDI SVIÐ FRUMHERJA FLYTJA STARFSEMI SÍNA Í JANÚAR/FEBRÚAR 2017 AÐ ÞARABAKKA 3, MJÓDDINNI**

ÞJÓNUSTUVER · ÖKUPRÓF · FASTEIGNA-SKOÐUN · SKIPASKOÐUN · GÆÐASTJÓRN-UNARKERFI · RAFMAGN-SKOÐANIR

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Suðaustan 8-15 m/s. Þurrt norðaustanlands, annars súld eða rigning. Hiti yfirleitt 3 til 8 stig, en svalara í fyrstu norðaustan til á landinu.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | -2° |
| ↑12 | ↖8 | ↑5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | -2° |
| ↑11 | ↑9 | ↑18 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | -1° |
| ↖6 | ↗7 | ↗7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 1° | -3° |
| ↑5 | ←1 | ↑7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. framkvæmt
6. á fæti
8. langur
9. gras
11. nudd
12. tólf
14. arkarbrot
16. hvað
17. stefna
18. kærleikur
20. strit
21. samtök

**LÓÐRÉTT**
1. spil
3. skammstöfun
4. skortíta
5. traust
7. mega
10. skordýr
13. hamfletta
15. hræðsla
16. rámur
19. drykkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gert, **6.** il, **8.** hár, **9.** sef, **11.** nú, **12.** tylft, 14. fólíó, **16.** ha, **17.** átt, **18.** ást, **20.** at, **21.** stef. **LÓÐRÉTT: 1.** vist, **3.** eh, **4.** rántíta, **5.** trú, **7.** leyfast, **10.** fló, **13.** flá, **15.** ótti, **16.** hás, **19.** te.

### Skák Gunnar Björnsson

Sindri Snær Kristófersson (1.207) átti leik gegn Halldóri Kristjánssyni (1.560) á Skákþingi Reykjavíkur fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**23. Hd8+! 1-0.** Dagur Ragnarsson og Lenka Ptácníková eru efst með fullt hús eftir fjórar umferðir. Björn Þorfinnsson og Guðmundur Gíslason koma næstir með 3½ vinning. Fimmta umferð á sunnudaginn.

**www.skak.is:** Sjávarvíkurmótið.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Prófessor Spútnik**



**Inga Dóra Sigfúsdóttir** prófessor ræðir sláandi niðurstöður nýrrar rannsóknar um stökk í tíðni sjálfsskaða ungra stúlkna. Hún gegnir stöðu rannsóknarprófessors í félagsfræði við HR, Columbia í New York og Karolinska í Stokkhólmi. Hún og maður hennar ættleiddu nýlega flóttadreng frá Kúrdistan. Inga Dóra var sjálf pönkari á unglingsárum – og hugsar að þessi mikli áhugi á hegðun ungmenna, sem hún hefur stúderað um árabil, hafi kviknað á Hlemmi í upphafi níunda áratugarins.

**Í skugga mótmæla**

**Donald Trump** tekur við embætti forseta Bandaríkjanna í skugga fjöldamótmæla.

**Nærmynd af teyminu**



**Grímur Grímsson** yfirlögregluþjónn hefur vakið athygli þjóðarinnar fyrir trausta framgöngu. Við kynnumst Grími og fleira lykilfólki í rannsóknarteyminu.

**Fréttablaðið, ómissandi hluti af góðri helgi.**


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





netto
Sparaðu með okkur...
-30%
Lamba prime
hvítlauk og rósmarín
3.149 KR KG
Áður: 4.498 kr/kg
-30%
KS
Súpukjöt
699 KR KG
Áður: 998 kr/kg
-25%
SS
Lambamjaðmasteik
úrbeinuð
2.249 KR KG
2.998 kr/kg
HREIN AFURÐ ÚR ÍSLENSKRI SVEIT
netto
Kjúklingabringur
1.888 KR KG
Áður: 2.098 kr/kg
ÓDÝRT Í netto
netto
Kjúklingaleggir
694 KR KG
